

TILLAGA

Til: bæjarstjórnar Kópavogs
Frá: bæjarfulltrúum Vina Kópavogs

Lagt er til að starf bæjarstjóra verði auglýst laust til umsóknar

Greinargerð:

Samkvæmt 54.gr. sveitarstjórnarlaga er það hlutverk bæjarstjórnar að ráða Kópavogsbúum bæjarstjóra sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur nýkjörin bæjarstjórn einungis umboð til að taka ákvarðanir um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum, þ.e. 15 dögum eftir kosningar. Fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar í Kópavogi er 14. júní og þá fyrst gefst hinu fjölskipaða stjórnvaldi, sem á að álykta og taka ákvarðanir sínar á formlega boðuðum fundum, færi á að fjalla um ráðningu í bæjarstjórastarfið. Í bæjarstjórn eiga nú sæti 11 fulltrúar, sex þeirra með 48,5% gildra atkvæða að baki sér eftir sveitarstjórnarkosningar hafa gert málefnasamning um meirihlutasamstarf og ráðningu í bæjarstjórastarfið. Ekkert samráð hefur verið við fimm fulltrúa annarra framboða sem hafa 43,7% gildra atkvæða íbúa á bak við sig. Sú tillaga sem hér kemur fram felur ekki í sér gagnrýni á þann einstakling sem meirihlutinn hefur valið til starfsins heldur á aðferðafræðina og samráðsleysið.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eiga einstakir sveitarstjórnarmenn ekki að standa misjafnt að vígi, t.d. um aðgang að upplýsingum úr stjórnsýslu sveitarfélagsins. Allir fulltrúar í sveitarstjórn hafa sama réttinn til að sinna því starfi sem þeir eru lýðræðislega kjörnir til. Ákvarðanir sínar tekur sveitarstjórn síðan á sameiginlegum fundi þar sem allar fundarmenn hafa sambærileg réttindi og sambærilegar skyldur. Sveitarstjórnarlögin mæla hvergi fyrir um að sveitarstjórn skuli skipt í meirihluta og minnihluta. Því ber almennt að líta svo á að framkvæmdastjóri sveitarfélags sé framkvæmdastjóri sem situr í umboði sveitarstjórnarinnar allrar. Hann ber skyldur gagnvart sveitarstjórninni en ekki aðeins gagnvart einstökum sveitarstjórnarmönnum.¹

Vinir Kópavogs kynntu fyrir kosningar að þeir vildu auglýsa starf bæjarstjóra og leggja áherslu á að bæjarstjóri yrði allra framboða og allra íbúa í Kópavogi. Jafnframt voru gefin fyrirheit um að unnið yrði að vandaðri og ábyrgri stjórnsýslu. Þar er bæjarstjórastarfið í lykilhlutverki enda er bæjarstjóri æðsti ráðni starfsmaður bæjarfélagsins og fer með yfirstjórn mála í umboði bæjarstjórnar. Hann er yfirmaður starfsmanna sem sjá um daglega stjórnsýslu og á að tryggja undirbúning, ráðgjöf og eftirfylgni til að hið pólitíska kerfi virki. Hann er eini fastráðni starfsmaðurinn sem situr bæjarstjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Hann er því brúin milli kjörinna fulltrúa og stjórnsýslunnar og ber að upplýsa alla bæjarfulltrúa jafnt um athafnir og aðgerðir stjórnsýslunnar í einstökum málum sem eru til meðferðar í bæjarstjórn.

Þessi tillaga er borin fram til að leggja áherslu á sjónarmið um samráð og vandaða stjórnsýslu þar sem virðing er borin fyrir hlutverki allra lýðræðislega kjörinna fulltrúa.

Helga Jónsdóttir

Kolbeinn Reginsson

¹ Sveitarstjórnarréttur, Trausti Fannar Valsson 2014, bls. 156-157